

Útgefandi

Læknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur

Ritstjórn

Engilbert Sigurðsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Anna Gunnarsdóttir
Gylfi Óskarsson
Hannes Hrafnkelsson
Sigurbergur Kárason
Tómas Guðbjartsson
Pórdís Jóna Hrafnkelsdóttir
Þórunn Jónsdóttir

Tölfræðilegur ráðgjafi

Thor Asplund

Ritstjórnarfulltrúi

Védis Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is

Blaðamaður og

ljósmyndari

Hávar Sigurjónsson
havar@lis.is

Auglýsingastjóri og ritari

Dögg Árnadóttir
dogg@lis.is

Umbrot

Sævar Guðbjörnsson
saevar@lis.is

Upplag

1700

Áskrift

10.900,- m. vsk.
Lausasala
1090,- m. vsk.

Prentun, bókband

og pökkun

Oddi,
umhverfisvottuð
prentsmiðja
Höfðabakka 3-7
110 Reykjavík

© Læknaþlaðið

Læknaþlaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknaþlaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition og Scopus.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213



Á myndinni eru frá vinstri hjúkrunarfræðingarnir Ester Þorvaldsdóttir Heilbrigðisstofnun Suðausturlands Hornafirði, Kristín Hulda Óskarsdóttir Landspítala og Halla Sigurðardóttir á heilbrigðisstofnuninni á Höfn.

Ráðstefna um gifslagningu

„Þetta er í fjórða sinn á 12 árum sem við efnum til ráðstefnu um gifs og gifslagningu,“ sagði Brynjólfur Mogensen yfirlæknir á bráðadeild Landspítala í Fossvogi en föstudaginn 23. nóvember var þar samankominn einbeittur 24 manna hópur hjúkrunarfræðinga og lækna víðsvegar að af landinu til að auka færni sína í gifslagningu. „Það er mikill áhugi fyrir þessu og við erum að skoða hvort við getum farið út á land og haldið slíkar ráðstefnur á völdum stöðum. Það er mikilvægt að koma þeirri þekkingu og reynslu sem hér er til út á meðal sem flestra.“

Þrátt fyrir þróun í efnun og áhöldum segir Brynjólfur grundvallaratriðin við gifslagningu ávallt þau sömu. „Á að gifsa eða ekki er ávallt fyrsta spurningin. Hvers konar gifs á að nota? Gifsið þarf að halda skaðanum í réttum skorðum og minnka sársauka. Það á að halda sem mestri hreyfingu útlímsins svo sjúklingurinn geti notað hann sem mest. Við leggjum einnig ríka áherslu á að nota tímann með sjúklingnum til að fræða hann svo hann sé sáttur og upplýstur um meðferðina þegar hann fer frá okkur.“

Að sögn Elísabetar Benedíks yfirlæknis á bráðadeild er tíðni beinbrota nokkuð jöfn árið um kring en ástæður brotanna eru þó mismunandi eftir árstíðum. Hálkubrot eru algengust á veturna en á sumrin beinbrotnar fólk mest í íþróttum og útivist.

LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Hugsteypan (2008) er samstarfsverkefni tveggja listakvenna, **Ingunnar Fjólú Ingbórsdóttur** (f. 1976) og **Pórdísar Jóhannesdóttur** (f. 1979). Þær útskrifuðust báðar úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2007 en hafa að auki aðra menntun að baki og sameina þær ólíkan bakgrunn sinn og áherslur í verkum Hugsteypannar. Í samstarfinu nálgast þær viðfangsefni sín gjarnan út frá forsendum rannsókna og skoða hvernig upplýsingar taka breytingum eftir því samhengi sem þær eru settar fram í, hvort heldur vísindalegu eða listrænu. Verkaröð þeirra, *Sviðsett málverk* (2012), ber með sér leik á mörkum listmiðla þar sem málverk og ljósmyndun mætast. Á vinnustofu sinni hafa þær gert margs konar tilraunir með lit og málun, málað ólík yfirborð, veggj og gólf, notað pensil, rúllu eða hella litnum og slett. Allt er ferlið skrásett með myndavél og síðan hafa þær valið úr ljósmyndir sem standa sem verk einar og sér. Við fáum því að sjá valin augnablik úr sköpunarferlinu, en niðurstaðan er ekki sú sem venju samkvæmt er að vænta - því við fáum ekki að sjá málverkin sjálf. Verkin eru annars vegar í eðli sínu ljósmyndir, þótt Hugsteypan kalli þau málverk. Fyrir-



myndir ljósmyndanna eru hins vegar málverk, þótt þau séu ekki til sem slík. Verkin spyrja ýmist hver merkingarmunur þessara tveggja miðla sé, eða halda því fram að sá munur sé ekki fyrir hendi. Heiti verkaraðarinnar, *Sviðsett*

málverk, undirstrikar loks að ekki er allt sem sýnist og vísar í þriðja listformið, leiklist. Þar er jafnframt dreginn fram eiginleiki sem alla jafna er skýrt afmarkaður í málverki og ljósmynd og greinir formin algjörlega að, en það er tíminn. Ljósmynd verður til á augabragði en málverk er drjúga stund í bígerð þótt upplifun hvors tveggja frá sjónarhóli áhorfenda kunnir að vera sambærileg. Hugsteypan setur verkin í samhengi við leikhús og stungur upp á því að þau búi í raun yfir vidd sem afmörkuð frásögn eða atburðarás í tíma. Sjönun er beint að ferli listsköpunarinnar og því augnabliki sem ákvarðar að verk sé tilbúið. Ferlið frá hugmynd yfir í útfærslu, framsetningu og þaðan yfir í upplifun er sett fram sem ein samhangandi saga. Ef til vill er sú saga einmitt sett á svið í þessum verkum Hugsteypannar.

Markús Þór Andrésson